

B. sl.



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

HITAVEITA REYKJAVÍKUR
Mælingaeftirlit á Nesjavöllum 1992

Ómar Sigurðsson

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-92058/JHD-32 B

Desember 1992



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 630001

HITAVEITA REYKJAVÍKUR
Mælingaæftirlit á Nesjavöllum 1992

Ómar Sigurðsson

Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur

OS-92058/JHD-32 B

Desember 1992

EFNISYFIRLIT

1. MÆLINGAR Á NESJAVÖLLUM	3
2. MÆLINGAR Í EINSTÖKUM HOLUM	5
2.1 Hola NG-7	5
2.2 Hola NG-9	5
2.3 Hola NG-10	5
2.4 Hola NJ-12	6
2.5 Hola NJ-14	6
2.6 Hola NJ-15	6
2.7 Hola NJ-16	7
2.8 Hola NJ-17	7
2.9 Hola NJ-18	8
2.10 Hola KhG-1	8
2.11 Holur NN-1 og NN-2	9
3. BREYTINGAR SÍÐUSTU ÁRA	9
4. HELSTU NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA	10
5. FRAMHALD MÆLINGAEFTIRLITS	11
6. HEIMILDIR	11
VIÐAUKI	47
TAFLA 1. Yfirlit yfir mælingar á Nesjavöllum 1992	3

MYNDASKRÁ

1. Hola NG-7, hitamælingar	12
2. Hola NG-7, þrýstingsmælingar	13
3. Hola NG-9, hitamælingar	14
4. Hola NG-9, þrýstingsmælingar	15
5. Hola NG-10, hitamælingar	16
6. Hola NG-10, hitamælingar	17
7. Hola NG-10, þrýstingsmælingar	18
8. Hola NJ-12, hitamælingar	19
9. Hola NJ-12, hitamælingar	20
10. Hola NJ-12, þrýstingsmælingar	21

11. Hola NJ-14, hitamælingar	22
12. Hola NJ-14, þrýstingsmælingar	23
13. Hola NJ-15, hitamælingar	24
14. Hola NJ-15, hitamælingar	25
15. Hola NJ-15, þrýstingsmælingar	26
16. Hola NJ-16, hitamælingar	27
17. Hola NJ-16, hitamælingar	28
18. Hola NJ-16, þrýstingsmælingar	29
19. Hola NJ-17, hitamælingar	30
20. Hola NJ-17, hitamælingar	31
21. Hola NJ-17, þrýstingsmælingar	32
22. Hola NJ-18, hitamælingar	33
23. Hola NJ-18, hitamælingar	34
24. Hola NJ-18, þrýstingsmælingar	35
25. Hola KhG-1, hitamælingar	36
26. Hola KhG-1, hitamælingar	37
27. Hola KhG-1, þrýstingsmælingar	38
28. Hola NN-1, hitamælingar	39
29. Hola NN-2, hitamælingar	40
30. Hola NN-2, þrýstingsmælingar	41
31. Hola NG-7, þrýstingur og hiti á 1400 m dýpi	42
32. Hola NG-9, þrýstingur og hiti á 1000 m dýpi	42
33. Hola NG-10, þrýstingur og hiti á 1500 m dýpi	43
34. Hola NJ-12, þrýstingur og hiti á 1400 m dýpi	43
35. Hola NJ-14, þrýstingur og hiti á 1200 m dýpi	44
36. Hola NJ-15, þrýstingur og hiti á 1500 m dýpi	44
37. Hola NJ-17, þrýstingur og hiti á 1600 m dýpi	45
38. Hola NJ-18, þrýstingur og hiti á 1700 m dýpi	45
39. Hola KhG-1, þrýstingur og hiti á 1400 m dýpi	46

1. MÆLINGAR Á NESJAVÖLLUM

Í lok maí og byrjun júní 1992 voru hita- og þrýstimældar átta eftirlitsholur á Nesjavöllum, holur NG-7, NG-9, NG-10, NJ-12, NJ-14, NJ-15, NJ-17 og NJ-18. Auk þess voru hitamældar niðurrennslisholurnar NN-1 og NN-2. Þessar mælingar eru hluti af mælingareftirliti á Nesjavöllum til að fylgjast með breytingum í jarðhitakerfinu þar og eru gerðar fyrir Hitaveitu Reykjavíkur samkvæmt verksamningi þar um. Í lok október, þegar holu NJ-16 hafði verið haldið á blæðingu í um sex vikur, voru holur NG-7 og NJ-16 hita- og þrýstimældar. Þá var hola KhG-1 við Kolviðarhól hita- og þrýstimæld í annað sinn á árinu í nóvember. Yfirlit um mælingarnar er gefið í töflu 1, en mælingarnar eru birtar í töflum V-1 til V-31 í viðauka og sýndar á myndum 1-30. Á myndunum eru einnig sýndar síðustu mælingar til samanburðar. Auk þessa er á myndum 31-39 tekið saman yfirlit hita- og þrýstibreytinga í holunum á síðustu árum. Valin eru þau dýpi í holunum þar sem vendipunktur kom fram í þrýstimælingum við upphitun holanna.

TAFLA 1 Yfirlit yfir mælingar á Nesjavöllum 1992

92.05.27	NG-7	AM-hiti	0 - 1969 m
92.05.27	NG-7	AM-þrýst.	0 - 1969 m
92.10.27	NG-7	AM-hiti	0 - 1969 m
92.10.27	NG-7	AM-þrýst.	0 - 1970 m
92.06.01	NG-9	AM-hiti	0 - 1026 m
92.06.01	NG-9	AM-þrýst.	0 - 1026 m
92.05.26	NG-10	GO-hiti	0 - 550 m
92.05.26	NG-10	AM-hiti	600 - 1759 m
92.05.26	NG-10	AM-þrýst.	0 - 1759 m
92.06.03	NJ-12	GO-hiti	0 - 700 m
92.06.03	NJ-12	AM-hiti	800 - 1802 m
92.06.03	NJ-12	AM-þrýst.	0 - 1802 m
92.06.01	NJ-14	AM-hiti	0 - 1269 m
92.06.03	NJ-14	AM-þrýst.	0 - 1269 m
92.05.26	NJ-15	GO-hiti	0 - 550 m
92.06.04	NJ-15	AM-hiti	600 - 1706 m
92.05.29	NJ-15	AM-þrýst.	0 - 1706 m
92.10.26	NJ-16	AM-hiti	0 - 1995 m
92.10.26	NJ-16	AM-þrýst.	0 - 1995 m
92.10.28	NJ-16	AM-þrýst.	0 - 1995 m

92.05.29	NJ-17	GO-hiti	0 - 640 m
92.05.29	NJ-17	AM-hiti	700 - 1952 m
92.05.29	NJ-17	AM-þrýst.	0 - 1952 m
92.05.26	NJ-18	GO-hiti	0 - 820 m
92.05.26	NJ-18	AM-hiti	900 - 1982 m
92.06.04	NJ-18	AM-þrýst.	0 - 1982 m
92.11.12	KhG-1	GO-hiti	0 - 740 m
92.11.12	KhG-1	AM-hiti	800 - 1776 m
92.11.12	KhG-1	AM-þrýst.	0 - 1776 m
92.06.03	NN-1	GO-hiti	0 - 306 m
92.06.04	NN-2	GO-hiti	0 - 419 m
Alls mældir metrar			40.741 m

Vatnsborð var einnig mælt í holunum, nema holum NG-7, NG-9, NJ-14 og NJ-16 sem voru í blæðingu og með þrýsting á holutoppi.

Vatnsborð í holunum mældist á eftirfarandi dýpi:

NG-10	182,96 m	frá 3" loka	þann 27/5 kl 16:45
NJ-12	138,47 m	frá aðalloka	þann 3/6 kl 13:20
NJ-15	150,46 m	frá 3" loka	þann 29/5 kl 11:35
NJ-17	234,10 m	frá rafloka	þann 29/5 kl 16:35
NJ-18	148,75 m	frá aðalloka	þann 27/5 kl 17:00
KhG-1	141,05 m	frá kjallarabrún	þann 12/11 kl 10:15
NN-1	72,32 m	frá aðalloka	þann 3/6 kl 16:55
NN-2	76,38 m	frá kraga fóðringar	þann 4/6 kl 16:15

Toppþrýstingur holu NG-7 var um 43 bar þegar hún var mæld bæði í maí og október. Toppþrýstingur holu NG-9 var um 65 bar og holu NJ-14 rúm 15,5 bar. Þegar hola NJ-16 var mæld í lok október voru um sex vikur síðan þrengt var að rennsli hennar með blendum svo að eingöngu var um blæðingu að ræða. Toppþrýstingur NJ-16 var þá um 65 bar.

Við mælingar holu KhG-1 í nóvember varð vart við fyrirstöðu á um 597 m dýpi. Búið var að fara með mæli skömmu áður niður fyrir þetta dýpi án þess að verða var við fyrirstöðu og í mæliferð á eftir varð heldur ekki vart við hana.

2. MÆLINGAR Í EINSTÖKUM HOLUM

2.1 HOLA NG-7

Hita- og þrýstimælingar tókust með ágætum í holu NG-7 nú í sumar og í haust, en þær hafa oft gengið brösuglega, þar sem holan er mjög heit. Hitamælingarnar í ár sýna heldur lægri hita en fyrri mælingar á dýptarbilinu 600-1900 m. Í ár var notaður nýr hitamælir og var kvörðun hans könnuð eftir mælingarnar í sumar. Vitað var að eldri mælir var farinn að sýna heldur of háan hita, þannig að mælingin frá síðasta sumri getur verið í hærri kantinum. Mismunurinn milli mælinganna í ár og eldri mælinga er um 5°C, sem er nokkuð yfir venjulegum skekkjumörkum á milli mæla. Þar getur verið að kvarða þurfi nýja mælinn aftur því kvörðunin í sumari geti verið í lægra lagi. Endurkvarðanir á mælum munu þó tæplega minnka þennan mun um meira en 1-2°C. Þar sem lögun hitaferilsins er eins í ár og fyrri ár hefur hitaástand holunnar tæplega breytst á milli ára. Hitamismunurinn sem kemur fram á myndunum verður því að skrifast á kvarðanir mælanna.

Þrýstimælingarnar sýna svipaðan þrýsting og síðustu mælingar. Þrýstingur í vinnsluhluta holunnar hefur farið lækkanði síðustu 3-4 ár og var mælingin í haust sérstaklega gerð til að kanna hvort sjá mætti víxl tengsl milli hola NG-7 og NJ-16, en sú hola hafði þá verið á blæðingu í um sex vikur. Hugmyndir eru uppi um að hola NG-7 geti verið í nánu þrýstings sambandi við einhverja nálæga vinnsluholu sem verið hefur í blæstri undanfarin ár og að sú hola hafi áhrif á þrýstingslækkunina sem kemur fram við holu NG-7. Mælingarnar í ár eru örlitli hærri en frá 1991 og er mælingin frá því í sumar hæst. Mismunurinn milli mælinganna er þó innan við 1 bar eða innan skekkjusviðs mælisins. Mælingin í haust getur því ekki með vissu ákveðið hvort hola NJ-16 hafi bein áhrif á þrýsting við holu NG-7 eða ekki. Þó dregur hún frekar úr þeirri hugmynd. Miðað við mældan upphafsþrýsting við holu NG-7 er þrýstingslækkunin í jarðhitakerfinu þar orðin tæp 9 bar.

2.2 HOLA NG-9

Hola NG-9 var hita- og þrýstimæld í sumar með öðrum holum. Hitamælingin í sumar sýnir um 1-2°C hærri hita neðan 800 m dýpis en fyrri mælingar. Munar þar mest að kæling/viðsnúningur neðst í holunni er minni í mælingunni frá því í sumar samanborið við eldri mælingar. Hér getur verið um kvörðunarvandamál að ræða vegna heldni (hysteresis) í mælinum. Þá getur verið hér um raunverulega breytingu að ræða vegna til dæmis breytingar í blæðingu. Mun þetta koma betur í ljós við mælingar á næsta ári.

Þrýstimælingin nú fellur nær ofan í mælinguna frá 1990, en mælingin í fyrra var örlítið hærri. Þrýstingur hefur því lítið breytst við holu NG-9 á síðastliðnum þrem árum, en miðað við áætlaðan upphafsþrýsting við holuna gæti verið um 1 bar þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu þar.

2.3 HOLA NG-10

Hiti við holu NG-10 hefur lítið breytst síðastliðin fimm ár eða eftir að kæling varð við holuna þegar hola NJ-15 blés 1987. Sú kæling gekk að nokkru til baka þegar hola NJ-15 var lokað um sumarið 1987, en síðan hefur hiti í vinnsluhluta holunnar lítið breytst. Hiti er þar víðast 8-10°C lægri en hann var eftir lokun holunnar.

Þrýstingur í jarðhitakerfinu við holu NG-10 fer enn lækkandi samkvæmt þrýstimælingunni í ár. Þrýstingslækkunin í jarðhitakerfinu virðist nú vera um 3 bar. Þessu ber þokkalega saman við vatnsborðslækkun sem mælst hefur í holunni undanfarin ár. Síðan vatnsborð í holu NG-10 jafnaði sig eftir áhrif frá blæstri holu NJ-15 í ágúst 1987 hefur það lækkað um 26,6 metra.

2.4 Hola NJ-12

Hitamælingin sem gerð var í sumar sýnir nokkru hærri hita á dýptarbilinu 900-1100 m en eldri mælingar. Ólíklegt er að hér sé um raunverulega breytingu að ræða þó mismunurinn milli mælinga sé um 5°C á þessu dýptarbili. Sá hiti sem mælingin í sumar gefur á þessu dýptarbili hefur komið fram áður í eldri mælingum (1988) þannig að hér er líklega um kvörðunarvandamál að ræða. Neðan 1200 m dýpis hefur hiti í holu NJ-12 verið nær stöðugur síðastliðin fjögur ár.

Þrýstingur í holu NJ-12 mældist lægri í sumar en áður. Þrýstingur í jarðhitakerfinu við holu NJ-12 hefur verið nokkuð stöðugur eftir að holunni var lokað og legið nálægt upphafsþrýstingnum, en mælingar síðastliðin tvö ár geta bent til að hann fari lækkandi. Vatnsborð í holunni hefur lækkað á undanförunum árum um 20,5 m, en þar af eru um 6-8 m orsakaðir af kólnun vatnssúlunnar í efri hluta holunnar á sama tímabili. Þessi vatnsborðslækkun getur einnig bent til lækkandi þrýstings í jarðhitakerfinu við holu NJ-12. Þrýstingslækkunin getur nú verið orðin rúmt 1 bar við holuna.

2.5 Hola NJ-14

Hiti í holu NJ-14 hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár. Hitamælingin frá því í sumar liggur tæpri 1°C hærra neðan 700 m dýpis en mælingin frá síðasta ári sem þó var í hærri kantinum. Þegar samanburður er gerður við enn eldri mælingar er mismunurinn tæpar 2°C, eða svipaður og sést nú í holu NG-9 sem mæld var með sama mæli. Óvíst er því hvort hér er um raunverulega breytingu að ræða eða hvort þetta sé kvörðunarvandamál. Úr því fæst væntanlega skorið við mælingar á næsta ári.

Þrýstimælingin í sumar sýnir líkt og síðustu mælingar, að þrýstingur í jarðhitakerfinu við holuna fari lækkandi. Upphafsþrýstingur í jarðhitakerfinu við holu NJ-14 á 1200 m dýpi var áætlaður 81,2 til 81,7 barg, en mælist nú um 79,5 barg. Þrýstingslækkunin getur því verið orðin um 2 bar.

2.6 Hola NJ-15

Hitaástand jarðhitakerfisins við holu NJ-15 hefur jafnað sig til fulls eftir þá kælingu sem kom fram við blástur holunnar 1987. Hiti í vinnsluhluta holunnar mælist nú svipaður og 1990, en mælingin frá síðastliðnu sumri var í hærri lagi.

Þrýstingur í jarðhitakerfinu við holu NJ-15 hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár, en síðustu þrýstimælingar benda til að hann sé tekinn að lækka. Upphafsþrýstingur í jarðhitakerfinu á 1500 m dýpi var áætlaður um 114,4 barg. Þrýstingur mælist nú á þessu dýpi 112,8 barg og er mismunurinn (1,6 bar) nokkru meiri en skekkjumörk mælisins. Þar sem miklar hitabreytingar hafa verið í holunni á undanförunum árum er erfitt að greina breytingar í þrýstingi út frá mælingum á vatnsborði í holunni. Vatnsborð í holu NJ-15 var hækkandi í upphitun fram að upphleypingu (134,5 m). Þegar holunni var lokað eftir blástur lækkaði vatnsborð í fyrstu, það steig

svo og var hækkandi fram til ársins 1989 (142,6 m), en þá tók það að lækka aftur. Sú lækkun er nú um 7,9 metrar. Segja má að vatnsborðið sveiflist í takt við hitabreytingarnar fram til 1989. Þá virðist þan vatnssúlunnar með hækkandi hita ekki duga lengur til að jafna lækkun vatnsborðsins vegna lækkandi þrýstings í jarðhitakerfinu.

2.7 Hola NJ-16

Hola NJ-16 var hita- og þrýstimæld í lok október 1992. Lokað var fyrir blástur holunnar í annarri viku september mánaðar og komið fyrir blæðingarbúnaði á holutoppinn. Holutopp-þrýstingur var feldur gegnum þrjár blendur og holan blædd inn á safnæðina. Ekki er vitað hve mikil blæðingin var, en þannig hafði holan staðið í rúmar sex vikur fyrir mælingarnar. Síðast var holan mæld í desember 1988 við svipaðar aðstæður, en þá hafði hún verið á blæðingu um tappa í um þrjár vikur.

Á myndunum fyrir holu NJ-16 eru einnig sýndar mælingar frá upphitun holunnar eftir borun í janúar 1986. Um hitamælingarnar er það að segja að mælingin í haust sýnir mun hærri hita ofan 1100 m dýpis, en mælingin frá 1988. Þetta bendir til að blæðing holunnar nú sé eitthvað meiri en var um tappann 1988. Neðan 1100 m dýpis svipar mælingunni nú til mælingarinnar frá 1988, þó ber mælingin nú meira vott um rennsli frá botni holunnar og upp hana.

Hola NJ-16 var þrýstimæld tvisvar með tveggja daga millibili nú í haust. Ástæðan var að ekki sást vatnsborð í fyrri mælingunni, eins og búist var við og holan því mæld aftur með öðrum þrýstimæli. Báðum mælingum ber vel saman og sýna þær rennsli frá botni holunnar og upp hana. Þegar holan var mæld 1988 var vatnsborð (suðuborð) í henni á tæplega 1200 m dýpi. Samkvæmt mælingum nú er suða í holunni til botns og rennsli um eða upp úr holunni því nægilega mikið til að viðhalda suðunni. Við botn holunnar (1995 m) mælist þrýstingur 110,1 barg og hiti 305,6°C. Suðuhiti fyrir hreint vatn sem samsvarar mældum þrýstingi er um 319°C, þannig að eitthvað gas hjálpar til við að viðhalda suðunni.

2.8 Hola NJ-17

Hitamælingunni frá í sumar svipar mjög til eldri mælinga úr holunni. Neðan 1500 m dýpis er mælingin í ár um 2°C lægri en mælingin frá síðasta ári, en sambærileg við eldri mælingar, enda mælingin í fyrri í herra lagi. Kæling sem kom fram 1989 og var talin stafa af niðurrennsli úr æðum á um 1200 m dýpi og niður á rúmlega 1600 m dýpi er nú gengin til baka og niðurrennslið líklega hætt. Hiti í vinnsluhluta holunnar hefur því verið tiltölulega stöðugur síðastliðin tvö ár.

Þrýstimælingin í sumar sýnir aðeins lægri þrýsting heldur en mælingin frá síðasta ári sem einnig var lægri en eldri mælingar. Þrýstimælingarnar benda því til að þrýstingur í jarðhitakerfinu sé að lækka. Upphafsprýstingur í jarðhitakerfinu við holu NJ-17 er áætlaður um 121.3 barg á 1600 m dýpi. Í sumar mældist þrýstingur á þessu dýpi 119,2 barg. Mismunurinn er því 2,1 bar sem er ofan skekkjumarka mælisins. Vatnsborð í holunni hefur verið tiltölulega stöðugt á undanförunum árum. Það hefur þó lækkað um tæpa 8 metra, en hluti þeirrar lækkunar stafar af kólnun vatnssúlunar í efstu 600 m holunnar. Breytingar vatnsborðs benda því ekki til að þrýstingur hafi lækkað mikið í jarðhitakerfinu við holu NJ-17. Hugsanleg þrýstingslækkun er því enn um eða innan við 1 bar.

2.9 Hola NJ-18

Á síðasta ári þegar hola NJ-18 var mæld sat steinn ofan á leiðara holunnar og myndaði fyrirstöðu fyrir mæla. Þá tókst að hamra steinninn til botns með lóðum. Ekki varð vart við neinar fyrirstöður í holunni nú og gengu mælingar eðlilega fyrir sig. Í efstu 800 m er holan enn að kólna eftir blástur, en holunni var lokað í maí 1988. Holan hefur kólnað þar að jafnaði um rúmlega 0,5°C frá því í fyrra og virðist vera að ná jafnvægi við ríkjandi berghita á því dýptarbili. Holan er þar þó enn um 2-4/°C heitari, en hún mældist í síðustu upphitunarmælingu fyrir blástur. Dýpra svipar hitamælingunni nú til eldri mælinga. Hiti hefur því lítið breyst í vinnsluhluta holunnar síðastliðin ár.

Þrýstimælingin í sumar gefur óvenju lágan þrýsting í vinnsluhluta holunnar samanborið við eldri mælingar. Mismunurinn milli mælingarinnar í sumar og frá 1991 er allt upp í 2 bar. Ólíklegt er að um raunverulega þrýstingslækkun sé að ræða, heldur virðist kvörðun mælisins hafa breyst við það að mælirinn rekst ofan á topp leiðarans á leið sinni niður holuna. Vatnsborð holu NJ-18 hefur lækkað á undanförunum árum um rúmlega 14 metra. Stór hluti þessarar vatnsborðslækkunar stafar hins vegar af hitabreytingum í efstu 1100 m holunnar. Hugsanleg þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu við holu NJ-18 er því minni en 1 bar.

2.10 Hola KhG-1

Stífla fannst á 373 m dýpi í holu KhG-1 við Kolviðarhól við eftirlitsmælingar í maí 1988. Stíflan var talin mynduð úr útfellingum, því mylsna sem kom upp með hitamæli reyndist vera ummyndað Portland sement. Álitið var að sementsleðja hefði runnið inn í holuna um skotgöt á fóðringunni og stíflað holuna, en göt voru skotin á fóðringuna á 378 m og 396 m dýpi þegar hún var steyppt. Holan var hreinsuð með jarðbornum Narfa í lok nóvember 1991. Ekki varð borinn var við fyrirstöðu er hann fór með borkrónu niður á rúmlega 400 m dýpi. Eins reyndust steypugötin þétt við þrýstiprófun. Við lok hreinsunar var holan lóðuð 3. desember 1991. Fór lóðið niður á 1787 m dýpi án þess að vart yrði við nokkra fyrirstöðu. Holan var síðan hita- og þrýstimæld 24. janúar 1992 (Benedikt Steingrímsson og Þórður Arason, 1992). Við fyrstu mæliferð í holuna fannst fyrirstaða á 563 m dýpi sem rekin var niður í 585 m áður en mælar fóru í gegn. Fyrirstaðan virtist mjúk eins og einhver drulla væri í holunni. Í seinni mæliferðum fóru mælar viðstöðulaust til botns. Vegna þessa var holan lóðuð í 1000 m dýpi í lok maí 1992. Ekki varð vart við neina fyrirstöðu í þeirri lóðun.

Hola KhG-1 var svo aftur hita- og þrýstimæld í nóvember 1992. Byrjað var að mæla með raf-eindahitamæli niður á 740 m dýpi, en leiðari hangir innan í fóðringunni á 741 m dýpi. Þar næst voru settir niður samsettir klukkudrifnir hita- og þrýstingsmælar og stoppuðu þeir á 597 m dýpi. Eftir smá skark gengu mælarnir til botns. Í endurtekinni mæliferð með hitamæli strax á eftir varð ekki vart við neina fyrirstöðu. Ljóst er að einhver drulla er í holunni, sem nær að setjast til og stoppa mæla sem eru innan við 1,5" að sverleika. Þessi drulla sem áður stíflaði holuna á 373 m dýpi virðist hafa molnað upp við hreinsun holunnar og hrakist í síðustu mælingum niður holuna innan í vinnslufóðringunni. Hún virðist svo ná að setjast til annað slagið og mynda fyrirstöðu gegn mælitækjunum. Æskilegt er að holan verði körfu og víddarmæld til að kanna gerð fyrirstöðunnar nánar eða til að freista þess að reka hana til botns.

Hitamælingin frá nóvember er nær eins og mælingin frá því í janúar, nema hiti er aðeins hærrí neðan 1300 m dýpis, en þar gat enn gætt kælingar í janúar vegna hreinsunar holunnar. Þegar mælingin er borin saman við síðustu hitamælinguna sem gerð var við þrýstingsjöfnun

holunnar eftir blástur, sést að hiti neðan 1300 m dýpis mælist nú nær sami og í febrúar 1987. Ofan 1300 m dýpis var holan heitari 1987, en þar var hún þá enn að kólna eftir blástur.

Þrýstingur mælist í hærra lagi miðað við eldri mælingar. Mismunurinn er þó innan skekkju-marka mælisins. Vatnsborð hefur verið hækkandi í holunni eftir að hún var hreinsuð, líklega vegna hitabreytinga í holunni, því í janúar 1992 mældist það á 143,1 m dýpi miðað við kjallara-brún. Í maí á 142,3 m dýpi og í nóvember 1992 mældist það á 141,05 m dýpi. Við mælingar í maí 1988 var vatnsborð á 141,2 m dýpi. Hiti og þrýstingur í jarðhitakerfinu við holu KhG-1 hefur því verið tiltölulega stöðugur á undanförunum árum.

2.11 Holur NN-1 og NN-2

Eins og áður er getið voru niðurrennslisholurnar NN-1 og NN-2 einnig hitamældar með öðrum eftirlitsholum á Nesjavöllum í byrjun sumars. Holurnar voru síðan hitamældar aftur í lok júlí. Byrjað var að dæla þéttivatni frá varmaorkuverinu niður í holu NN-2 þann 29. júlí og er dælt um 27 l/s í holuna. Holan var því hitamæld daginn fyrir og eftir að byrjað var að dæla í hana. Eins og sést af myndunum mælist sami hiti í holum NN-1 og NN-2 í lok júlí og mældist í byrjun júní. Eftir að byrjað er að dæla í holu NN-2 sýnir hitamælingin bara rennslisferil og að ádælingin fer aðallega út í vatnsæð á 412 m dýpi. Um miðjan ágúst var hola NN-1 hitamæld og kannað vatnsborð í holu NN-2 með þrýstimælingu. Hiti í holu NN-1 er þá óbreyttur frá fyrri mælingum. Þrýstingur gefur vatnsborð í holu NN-2 á um 56 m dýpi fyrir um 27 l/s ádælingu, þannig að fyrir þá dælingu hefur vatnsborð hækkað í holunni um 20 metra. Í reynd er vatnsborð hærra í holunni, en sú lyfting stafar af lofti/gasi sem hefur borist með vatninu niður í holuna og léttir efstu tugi metra vatnssúlunnar.

3. BREYTINGAR SÍÐUSTU ÁRA

Í skýrslu um líkanreikninga fyrir jarðhitakerfið á Nesjavöllum (Guðmundur S. Böðvarsson 1987) er sett fram 5 ára spá um viðbrögð jarðhitakerfisins vegna blásturs hávermihola. Þar er reiknað með að hávermiholurnar NG-6, NJ-9, NJ-11, NJ-13 og NJ-16 blási næstu árin, þar sem erfitt er að halda þeim lokuðum vegna hás lokunarþrýstings. Einnig er reiknað með að hola NG-5 verði í rekstri til að knýja tilraunastöðina. Spáð er fyrir um breytingar í rennsli og vermi fyrir blástursholurnar, en þrýstingsbreytingar í holum NG-7, NG-10, NJ-12, NJ-14 og NJ-15. Spáin nær yfir árin 1987-1991 og byggir á vinnslusögu svæðisins fyrir árin 1982-1986. Almenn gerir spáin ráð fyrir þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu og að suða breiðist út í því út frá vinnsluholum. Þessir spáreikningar hafa í ár verið endurskoðaðir og er skýrslu um þá að vænta fljótlega.

Á yfirlitsmyndum 31-39 fyrir holur NG-7, NG-9, NG-10, NJ-12, NJ-14, NJ-15, NJ-17, NJ-18 og KhG-1 eru sýndar hita- og þrýstingsbreytingar á ákveðnum viðmiðunardýpum í holunum á undanförunum árum. Viðmiðunardýpi í hverri holu er valið það dýpi, þar sem vendipunktur kom fram í þrýstimælingum við upphitun holanna. Þegar myndirnar eru skoðaðar sést að hitabreytingar hafa ekki verið miklar í holunum eftir að þær náðu jafnvægi eftir blástur. Helst er að hiti í vinnsluhluta holu NG-10 hefur ekki hækkað neitt að ráði eftir þá kælingu sem kom fram við blástur holu NJ-15. Hiti í vinnsluhluta holu NG-10 er um 8°C lægri, en hann var eftir lokun holunnar. Hins vegar hefur kælingin í holu NJ-15 gengið að fullu til baka. Þá sést að kæling sem varð í holu NJ-17 á árinu 1989, líklega vegna niðurrennslis, er gengin til baka og

niðurrennslið því hætt.

Þrýstingur jafnaði sig fljótt eftir blástur holanna að áætluðum upphafsþrýstingi í jarðhitakerfinu við viðkomandi holur, nema í holu NG-7. Þar reyndist meðalþrýstingurinn í jarðhitakerfinu vera orðin um 4,2 bar lægri en áætlaður upphafsþrýstingur. Næstu ár á eftir var þrýstingurinn tiltölulega stöðugur, en allra síðustu mælingar benda til að þrýstingur fari lækkandi í sumum holanna (NG-7, NG-10, NJ-14, NJ-15). Í öðrum holum eru ekki komnar afgerandi vísibendingar um þrýstingslækkun, en lækkandi vatnsborð ásamt þrýstings- og hitamælingum getur bent til að þrýstingur sé einnig lækkandi í holum NJ-12, NJ-17 og NJ-18. Við Kolviðarhól í holu KhG-1 hefur þrýstingur hins vegar ekki breytst á undanförunum árum.

Þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu á Nesjavöllum miðað við fyrstu mælingar úr viðkomandi holu, sem eru flestar frá árunum 1984-1986, virðist vera orðin sem hér segir. Við holu NG-7 er þrýstingslækkunin orðin tæp 9 bar og við holu NG-10 um 3 bar. Við holu NJ-15 er þrýstingslækkunin vart orðin meiri en 1,6 bar. Við holu NJ-14 getur þrýstingslækkunin verið orðin um 2 bar, en við holu NG-9 aðeins um 1 bar. Við holur NJ-12, NJ-17 og NJ-18 er þrýstingslækkunin um eða innan við 1 bar. Eldri spáreikningar áætluðu aðeins meiri þrýstingslækkun í jarðhitakerfinu en mælingar gefa til kynna, en ekki munar miklu fyrir holur NG-7, NG-10 og NJ-14. Við endurskoðun reiknilíkansins var það kvarðað miðað við mældar þrýstingsbreytingar svo nú er samræmi milli þess og mælinga.

4. HELSTU NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA

- Hóla NJ-15 hefur náð fullum hita eftir þá kælingu, sem varð við holuna þegar hún blés.
- Niðurdráttur hefur orðið í jarðhitakerfinu við flestar þær holur sem eru mældar reglulega. Niðurdrátturinn er mestur við holu NG-7, alls tæp 9 bar, en minni við hinar holurnar eða á bilinu 1-3 bar.
- Ekki hafa orðið merkjanlegar breytingar í hita og þrýstingi við holu KhG-1 hjá Kolviðarhól eftir að holan jafnaði sig eftir blástur í lok árs 1986.
- Niðurdæling um 27 l/s af þéttivatni í holu NN-2 hefur hækkað vatnsborð við holuna um 20 metra.
- Vinnslulíkan fyrir Nesjavelli var notað til að spá um niðurdrátt í jarðhitakerfinu vegna vinnslu hávermihola fyrir tímabilið 1987-1991. Þokkalegt samræmi var milli mælds og reiknaðs niðurdráttar við holur NG-7, NG-10 og NJ-14, en við aðrar holur ofáætlaði líkanið niðurdráttinn. Vinnslulíkanið er nú til endurskoðunar og endurkvörðunar fyrir þau mæligögn sem hafa bæst við frá 1986.

5. FRAMHALD MÆLINGAÆFTIRLITS

Lokið var að mæla þær holur sem staðið hafa lokaðar á Nesjavöllum undanfarin ár og fylgst hefur verið með reglulega í byrjun sumars. Í ár voru auk þess mældar niðurrennslisholurnar á Nesjavöllum þar sem byrjað var að dæla þéttivatni í holu NN-2 í lok júlí. Þá var vinnsluholan NJ-16 mæld, en hún var sett á blæðingu í haust og endurteknar mælingar í holu NG-7 til að kanna hugsanleg víxláhrif við holu NJ-16. Að lokum var hola KhG-1 við Kolviðarhól mæld tvisvar á árinu, en stífla var losuð úr holunni í lok árs 1991. Breytingar, sem koma fram í holum á Nesjavöllum eru litlar og hægar, og er því lagt til að eftirlitsholur þar verði aðeins mældar einu sinni á árinu 1993. Þá er lagt til að niðurrennslisholurnar verði einnig mældar aðeins einu sinni á næsta ári. Litlar breytingar hafa orðið í holu KhG-1 við Kolviðarhól og því lagt til að sú hola verði einnig aðeins mæld einu sinni á næsta ári, en auk venjulegra eftirlitsmælinga verði hola einnig víddar- og körfu mæld. Endurteknar mælingar yrðu eingöngu gerðar í þeim holum, þar sem óvæntar breytingar koma fram.


6. HEIMILDIR

Benedikt Steingrímsson og Þórður Arason, 1992: Hola KhG-1 við Kolviðarhól. Mælingar í janúar 1992. Greinargerð Orkustofnunar, BS/ÞA-92/01, 7s.

Guðmundur S. Böðvarsson, 1987: Líkanreikningar fyrir jarðhitakerfi Nesjavalla. I. The Nesjavellir Geothermal Field, Iceland. Hitaveita Reykjavíkur, 186 s.

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0876 T


NESJAVELLIR HOLA NG-7 Hitamælingar



Mynd 1. HOLA NG-7, hitamælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0877 T


NESJAVELLIR HOLA NG-7 Þrýstingsmælingar



Mynd 2. HOLA NG-7, þrýstingsmælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0878 T


NESJAVELLIR HOLA NG-9 Hitamælingar



Mynd 3. HOLA NG-9, hitamælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0879 T


NESJAVELLIR HOLA NG-9 Þrýstingsmælingar



Mynd 4. HOLA NG-9, þrýstingsmælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0880 T


NESJAVELLIR HOLA NG-10 Hitamælingar



Mynd 5. HOLA NG-10, hitamælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0881 T


NESJAVELLIR HOLA NG-10 Hitamælingar



Mynd 6. HOLA NG-10, hitamælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0888 T


NESJAVELLIR HOLA NG-10 Þrýstingsmælingar



Mynd 7. HOLA NG-10, þrýstingsmælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0889 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-12 Hitamælingar



Mynd 8. HOLA NJ-12, hitamælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0890 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-12 Hitamælingar



Mynd 9. Hóla NJ-12, hitamælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0891 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-12 Þrýstingsmælingar



Mynd 10. HOLA NJ-12, þrýstingsmælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0892 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-14 Hitamælingar



Mynd 11. Hóla NJ-14, hitamælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0893 T

NESJAVELLIR HOLA NJ-14 Þrýstingsmælingar




Mynd 12. HOLA NJ-14, þrýstingsmælingar

JHD-BM-8715--Ómar
92.11.0894 T

NESJAVELLIR HOLA NJ-15


Hitamælingar



Mynd 13. Hola NJ-15, hitamælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0895 T


NESJAVELLIR HOLA NJ-15 Hitamælingar



Mynd 14. HOLA NJ-15, hitamælingar

JHD-BM-8715-Ómar
92.11.0896 T


